

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2015****2016/EES/42/44****frá 30. apríl 2015****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/52/ESB frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2011/92/ESB um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 L 0052**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/52/ESB frá 16. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í löggjöf Sambandsins í tilskipuninni skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem viðkomandi Sambandsgerðir hafa verið felldar inn í samning þennan.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/52/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.